

2. fundur, þriðjudaginn 30. apríl 2019

Dagskrá:

1. Kjaramál.
Lögmaður félagsins mætti og fór yfir stöðu mála sem verið er að vinna fyrir félagsmenn.
2. Niðurstaða atkvæðagreiðslu fyrir nýgerða kjarasamninga.
Á kjörskrá um samning LÍV/FVSA og SA voru 1.964 og greiddu 381 atkvæði eða 19,4%. 344 sögðu já, eða 90,29%, nei sögðu 30 eða 7,87%. Auð atkvæði voru 7 eða 1,84%
Á kjörskrá um samning LÍV/FVSA og FA voru 33, 11 greiddu atkvæði eða 33,33% Atkvæði féllu þannig að 100% sögðu já.
3. Sumarferð trúnaðarmanna.
Samþykkt að fresta ferðinni til haustsins.
4. Fjárhagsáætlun 2019
Farið yfir fjárhagsáætlunina og hún samþykkt.
5. Fundaráætlun stjórnar skipulögð
6. Önnur mál.
Margrét Júlía Óladóttir hefur verið ráðin í sumarafleysingar á skrifstofu félagsins.
Samþykkt að koma á fót afmælisnefnd til undirbúnings 90 ára afmælis félagsins sem verður 2. nóvember 2020.
Eiður formaður sagði frá ferð til Palestínu sem verið er að skipuleggja og farið verður í á vegum ASÍ.
Halldór Óli Kjartansson sagði frá aðalfundi Tækifæris og aðalfundi Símeypjar. Hann var kjörinn aðalmaður í stjórn Símeypjar til 2 ára.